

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um gjaldheimtu af handhöfum
stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Á 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1130/2016, um heimild handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða til að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði án greiðslu, bæði við um gjaldskyld bifreiðastæði sem rekin eru af hinu opinbera og af einkaaðilum? Á ákvæðið bæði við um sérmerkt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða og um önnur bifreiðastæði?
- Hvernig framfylgir ráðuneytið heimild handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða til að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði án greiðslu, samanber fyrrnefnt ákvæði?
- Hvaða úrræði eru til staðar fyrir handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða sem leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði þegar þeir eru sektaðir fyrir að greiða ekki fyrir bifreiðastæðið þrátt fyrir fyrrnefnt ákvæði?

Skriflegt svar óskast.